

AUGLÝSING

um viðbót við fyrirvara við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða.

Hinn 14. maí 2002 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent viðbót við fyrirvara Íslands við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða frá 2. desember 1946, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/2001 þar sem samningurinn er birtur. Samkvæmt viðbótinni skuldbundu Íslensk stjórnvöld sig til að heimila ekki Íslenskum skipum að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni á meðan framgangur væri í samningaviðræðum innan Alþjóðahvalveiðiráðsins um endurskoðað stjórnkerfi. Tekið var fram að þetta gildi þó ekki ef svonefndur núllkvóti fyrir hvalveiðar í atvinnuskyni, sem kveðið er á um í e-lið 10. mgr. fylgiskjalsins, væri ekki felldur úr gildi innan hæfilegs tíma eftir að lokið hefði verið við hið endurskoðaða stjórnkerfi. Einnig var tekið fram að hvalveiðar í atvinnuskyni yrðu undir engum kringumstæðum heimilaðar á Íslandi nema á traustum vísindalegum grundvelli og undir virkri stjórn og eftirliti.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Hinn 23. maí 2002 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna Kýótó-bókunar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 9. maí 1992, sem gerð var í Kýótó 10. desember 1997, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr.14/1993, þar sem rammasamningurinn er birtur, og 39/1993. Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal

KÝÓTÓ-BÓKUN
við rammasamning Sameinuðu þjóðanna
um loftslagsbreytingar.

KYOTO PROTOCOL
to the United Nations Framework
Convention on Climate Change

*Aðilar að bókun þessari,
sem eiga aðild að rammasamningi Sameinuðu
þjóðanna um loftslagsbreytingar, í bókun þessari
nefndur „samningurinn“,*

*The Parties to this Protocol,
Being Parties to the United Nations Framework
Convention on Climate Change, hereinafter
referred to as “the Convention”,*